

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	16090055	Ábrn.	HG
Málal.	11.3.1	Aðrir	GAÞ
Mótt.	14.12.2016		
Aths.			

Táلكnafjörður 9 desember 2016

Málsnr:1612018

Efni: Rökstuðningur vegna breytinga á reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2016/2017.

Samkvæmt upplýsingum frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um úthlutun á byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2016 – 2017 kemur fram að 138 þorskígildistönnum er úthlutað til sveitarfélagsins Táلكnafjarðarhrepps.

Markmiðið með breytingum á úthlutunarreglum í Táلكnafirði er að styðja við þá aðila sem eru í útgerð í Táلكnafirði, sem og að heimila aðilum, sem hafa leyfi til frístundaveiða skv 2.tl. 4 mgr. 6. gr. laga nr 116/2006 að fá hlut af byggðakvóta.

Ástæða breytinga var að fiskvinnsla í Táلكnafirði lagðist af og var vinnslusvæðið stækkað. Hins vegar komið í ljós að það þjónar ekki hagsmunum Táلكnafjarðarhrepps að hafa vinnsluskyldu á aflanum og liggja fyrir því nokkrar ástæður. Þegar fiskvinnsla lagðist af var farið að kanna með ýmsar leiðir til að nýsköpunar og að efla starfsemi sem fyrir er. Ferðapjónusta er að vaxa mikið og er hér rekið fyrirtæki sem er að byggja upp þjónustu í sjóstangveiði fyrir ferðamenn. Uppbygging og stuðningur við slíka starfsemi í Táلكnafirði er eftir að efla samfélagið enn frekar og því er lagt til að ákveðin hluti af byggðakvóta fari til þeirra aðila sem eru leyfi til frístundaveiða og að þeir geti selt aflan á markaði og verið því óháðir vinnslu um móttöku á afla.

Önnur ástæða þess að vinnsluskylda er aflögð er að stór hluti þeirra aðila sem hér stunda útgerð náðu ekki að gera vinnslusamning við fiskvinnslu sem er á svæðinu á síðasta fiskveiðiári. Þrátt fyrir að fiskvinnslan hafi gefið viljrði að taka af þeim afla á komandi fiskveiðiári teljum við að hægt sé að nýta byggðakvóta með öðrum hætti samfélaginu í Táلكnafirði til heilla. Með því að fella niður vinnsluskyldu getur sveitarfélagið frekar stutt við uppbyggingu á öðrum störfum í kringum veiðar, s.s að styðja við uppbyggingu á fiskmarkaði, Virkur fiskmarkaður er einn af lykilþáttum þess að ferðamennska tengd sjóstangveiði geti þrífist á svæðinu sem og að umsvif hafnarinnar í Táلكnafirði aukist og störfum fjölgi.

Á tímum mikila breytinga eins og er hér í Táلكnafirði, þar sem stór vinnustaður lokar, en um leið eru nýjar greinar að vaxa upp, eins og fiskeldi og ferðapjónusta, er afar mikilvægt að sveitarfélagið geti reynt að styðja við þessa nýju vaxtarsprotu með öllum tiltækum ráðum.

Því vill sveitarstjórn óska eftir því að fallið verði frá vinnsluskyldu á úthlutuðum byggðakvóta ársins 2016-2017 og þeim hluta aflamarks sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs.



Oddviti Táلكnafjarðarhrepps

Indriði Indriðason
sveitarstjóri